

Tilmæli 6/2024
Tillaga A 1971/UHN
Afgreiðsla Norræna sjálfbærnefndin

Nefndarálit um svar við tilmælum 6/2024

Norræna sjálfbærnefndin leggur til að Norðurlandaráð taki svar við tilmælum 6/2024 um sjálfbæra ferðaþjónustu til greina og að litið verði svo á að *afgreiðslu málsins sé lokið* af hálfu ráðsins.

Norræna sjálfbærnefndin leggur til að Norðurlandaráð taki svar við tilmælum 6/2024 til greina og að *óskað verði pólitíks samráðs* um málið sjálfbær ferðaþjónusta.

Bakgrunnur

Tilmælin eru svohljóðandi:

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

- að þróa samnorrænan ramma til að meta umhverfisáhrif atvinnuvega innan ferðaþjónustu, sérstaklega á norðurskautssvæðinu og á svæðum þar sem náttúran er sérstaklega viðkvæm
- að kortleggja umhverfis- og loftslagsáhrif ferðaþjónustu á Norðurlöndum með hjálp rammans
- að gera framkvæmdaáætlun til að minnka umhverfis- og loftslagsáhrif ferðaþjónustu á Norðurlöndum



Svar Norrænu ráðherranefndarinnar

Norræna ráðherranefndin þakkar Norðurlandaráði tilmælin um sjálfbæra ferðaþjónustu þar sem sérstaklega er hugað að málefnum norðurslóða og svæðum sem einkennast af viðkvæmu náttúrufari.

Í tengslum við undirbúning næsta tímabils langtímastefnumótunar (2025–2030) í Norrænu ráðherranefndinni standa yfir viðræður/umræður um helstu áherslur í hverri ráðherranefnd.

Tilgangurinn með gerð samnorrænnar áætlunar um ferðaþjónustu fyrir árin 2025–2030, sem nú er unnið að á vegum sviðs atvinnamála, er að efla norrænt samstarf um ferðaþjónustu og styðja og efla vöxt þeirrar atvinnugreinar á Norðurlöndum. Á formennskuári Finna í Norrænu ráðherranefndinni árið 2021 skuldbundu ráðherrar atvinnamála sig til að styrkja starfsemi á sviði ferðaþjónustu um að minnsta kosti 20 milljónir [danskra] króna árin 2021–2024. Að því er sjálfbærni varðar, þar á meðal áhrif á náttúruna, er í áætlun um ferðamennsku fjallað um losun koltvísýrings, ógnir sem steðja að lífbreytileika og nýtingu náttúruauðlinda (einkum vatns og orku). Í áætluninni verður þó einnig hugað að tæknilausnum og öðrum skyldum þáttum sem geta stuðlað að aukinni sjálfbærni ferðaþjónustu á Norðurlöndum. Annað markmið með áætluninni er að yfirvöld og stofnanir á Norðurlönd vinni saman að lagasetningu og stefnumótun á þessu sviði í þeim tilgangi að vernda náttúruna, styrkja byggð og atvinnulíf á hverjum stað og standa vörð um menningararf.

Nýja stefnan snertir ýmsa mismunandi málaflokka umhverfis- og loftslagssviðs, og þó að engin aðgerðanna snúi að ferðaþjónustugreinum sérstaklega munu margar þeirra hafa áhrif á ferðaþjónustu að meira eða minna leyti. Meðal málaflokkanna er vinnan við innleiðingu reglugerðar Evrópusambandsins um endurreisn náttúrusvæða og samningsins um lífbreytileika. Svo getur farið að sú vinna taki til svæða með mikilli ferðaþjónustustarfsemi og hafi því áhrif á þann hátt. Jafnframt er unnið að því að flétta málefni fámennra byggðarlaga inn í stefnuna, og hugsanlegt er að byggðir á norðurskautssvæðinu geti fallið þar undir, þó að ekkert ákveðið liggi fyrir um það ennþá.

Þannig eru ekki uppi áform um að kortleggja umhverfis- og loftslagsáhrif norrænnar ferðaþjónustu sérstaklega eða gefa út aðgerðaáætlun á því sviði.

Norræna ráðherranefndin telur að með þessu hafi verið brugðist við tilmælunum að hluta til.



Sjónarmið nefndarinnar

Norræna sjálfbærnefndin hefur kynnt sér svar Norrænu ráðherranefndarinnar, þar á meðal að ekki séu uppi áform um að kortleggja umhverfis- og loftslagsáhrif norrænnar ferðaþjónustu sérstaklega eða gefa út aðgerðaáætlun á því sviði.

Nefndin vísar til útgefna skýrslna ráðherranefndarinnar (2020): „*Sjálfbær ferðaþjónusta á Norðurlöndum*“ og „*Visit Finland* (2021): en í þeim kemur meðal annars fram að ferðaþjónusta á Norðurlöndum hafi áhrif á náttúrulegt umhverfi og loftslag bæði til góðs og illis.

Meðal helstu áhrifa af því tagi eru losun koltvísýrings vegna flug- og bílaumferðar og of mikið álag á náttúruauðlindir, og er þá ekki síst átt við aukið álag á vistkerfi vegna aukinnar ferðamennsku á viðkvæmum svæðum á borð við norsku firðina, þjóðgarða í Finnlandi og eldfjallasvæði á Íslandi. Þegar ferðamönnum fjölga verður um leið til meiri úrgangur, þar á meðal plastúrgangur, og jafnvel á ystu svæðum Norðurlanda, svo sem Svalbarða og Grænlandi, skilja ferðamenn eftir sig úrgang sem getur skaðað dýralíf og vistkerfi. Á norðurskautinu og á öðrum viðkvæmum svæðum getur ferðamennska haft bein skaðleg áhrif á lífbreytileika og landslag. Gróðureyðing og röskun dýralífs og vistkerfa eru algengar afleiðingar óheftrar ferðamennsku.

Til að vinna gegn slíkum áhrifum beina mörg Norðurlandanna nú sjónum að sjálfbærri ferðamennsku, þar á meðal notkun endurnýjanlegrar orku, betri meðhöndlun úrgangs og ferðamátum á borð við almenningssamgöngur og vistvæna ferðamennsku.

Nefndin bendir á að mikilvægt er að fylgjast náið með því hvernig áhrif ferðamennsku á loftslag og umhverfi þróast, og að æskilegt er að hleypt verði af stokkunum framkvæmdaáætlun eða markvissum aðgerðum í því skyni.

Reykjavík, 29. október 2024

Tove Elise Madland (A)

Johan Andersson (S)

Karin Gaardsted (S)

Louise Mehnke (S)

Åsa Karlsson (S)

André N. Skjelstad (V)

Christian Friis Bach (V)

Emma Berginger (MP)

Krista Mikkonen (gröna)

Martin Paasi (saml)

Teitur Björn Einarsson (Sj.)

Mariane Paviasen (IA)

Steinunn Þóra Árnadóttir (VG)

Angelika Bengtsson (SD)

Staffan Eklöf (SD)

Himanshu Gulati (FrP)